



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 21. nóvember 2024

USK24090343

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 21.11.2024 varðandi eftirfarandi mál:

### **USK - Norðurstígsreitur - Breyting á deiliskipulagi - Ægisgata 7 - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. nóvember 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. nóvember 2024 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits, Ægisgötu 7, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Björn Axelsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar ásamt áheyrnarfulltrúum Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Í dag er fjöldi vinnustofa listamanna í gömlu tunnuverksmiðjunni við Ægisgötu 7. Starfsemin þar er blómleg. Það er áhyggjuefni ef slíkir staðir hrekjast stöðugt undan annarri starfsemi. Engu að síður felur tillagan í sér töluverða framför frá gildandi deiliskipulagi hvað varðar útlit hússins. Tillagan er í samræmi við aðalskipulag borgarinnar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja að setja skipulagið í hefðbundið samráðsferli, með fyrirvara um endanlega afgreiðslu. Fulltrúarnir fagna áformum um að virða og lyfta upp þessari sögulegu byggingu en harma að aðstaða fyrir listamenn þurfi að víkja.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Miðborgina vantar ekki fleiri hótél, sú þróun að menningarlíf þurfi sífellt að víkja undan gististarfsemi er hvorki til góðs fyrir íbúa borgarinnar né fyrir ferðamannaíðnaðinn sjálfan. Borgarstjórn ætti að stíga fastar til jarðar með stuðning við þá menningarstarfsemi og listalíf sem enn er til staðar, annars verður lítið eftir fyrir ferðamenn að sækja heim, og borgarbúa að sækja í miðbæinn.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:



**Reykjavík**



Miðbærinn og nágrenni er orðið fullt af hótélum og gistiheimilum og ekkert lát virðist á. Annað hvort byggjast slík híbýli frá grunni eða ryðja annarri starfsemi úr vegi til að koma hótél- og gististarfsemi fyrir. Fulltrúi Flokks fólksins telur að þetta hljóti að verða komið gott.

Helga Björk Laxdal  
e.u.